



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 168. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn í Hoffelli, þriðjudaginn 22. febrúar 2022, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurlands, Ární Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps, Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar, Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum, Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga, Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulspjóðgarðs, Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur, Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir:

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Unnur Brá Konráðsdóttir, aðstoðarmaður umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell, Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar – Skaftafell, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – Höfn, Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar suðursvæði - Höfn.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps.

1. Fundur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með stjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 2202036

Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála mætti á fund stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs ásamt Unni Brá Konráðsdóttur, aðstoðarmanni ráðherra. Rætt áherslur og helstu verkefni Vatnajökulspjóðgarðs.

2. Svæðisráð austursvæðis - 108 - 2201011F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

3. Svæðisráð austursvæðis - 109 - 2202003F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

4. Svæðisráð suðursvæðis - 105 - 2201006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

5. Rekstur 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála og áætlaða rekstrarniðurstöðu þjóðgarðsins fyrir árið 2021.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - 13:50

Fjármálastjóri kynnti áætlaða rekstrarniðurstöðu undanfarins árs. Áætlað er að rekstur skili jákvæðri niðurstöðu.

6. Rekstur 2022 - 2201023

Fyrir fundinum lá fyrir fjárveitingabréf frá ráðuneytinu þar sem samþykkt er rekstraráætlun yfirstandandi árs en bréfið innifelur m.a. í sér fjölmörg áhersluatriði sem þjóðgarðinum ber að vinna að á árinu. Þá er skjal með yfirliti yfir fjárveitingar til þjóðgarðsins 2016-2022.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - 14:00

Fjármálastjóri kynnti helstu atriði og áherslur sem fram koma í fjárveitingabréfi frá ráðuneytinu vegna ársins 2022. Ráðuneytið leggur sérstaka áherslur á ýmis atriði eins og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, fræðslu og miðlun upplýsinga um umhverfismál, loftslagsmál, græn skref, nýsköpun, stafræna þjónustu og mannauðsmál.

7. Breiðamerkursandur - Staða mála - 2022 - 2202025

Þjóðgarðsvörður kynnti stöðu mála á Breiðamerkursandi.

Gestir

Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - 14:15

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - 14:15

Steinunn Hödd Harðardóttir þjóðgarðsvörður á suðursvæði og Sigurður Óskar Jónsson aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði kynntu minnisblað sem þau hafa unnið um stöðuna á ýmsum sviðum á Breiðamerkursandi og við Jökulsárlón.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun - breyting - veiðar austursvæði - verkefnislýsing - 2202027

Lögð fram tillaga frá svæðisráði austursvæðis um að gerðar verði breytingar á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins um veiðar á austursvæði. Jafnframt er lögð fram tillaga að verkefnislýsingu fyrir verkið.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 15:00

Stjórn samþykkir tillögur svæðisráðs Austursvæðis með vísan til framlagðra gagna með sex atkvæðum en ADS sat hjá.

9. Sveitarfélagið Hornafjörður - Viljayfirlýsing um húsnæðismál á Höfn - 2202037

Fyrir fundinum lá viljayfirlýsing um nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir starfsmenn VJP á Höfn og rými til að byggja upp fræðslusýningu um jökla og VJP á suðursvæði. Einnig minnisblað tekið saman af fjármálastjóra þjóðgarðsins um verklag og annað sem skiptir máli við undirbúning og framgang slíkra framkvæmda.

Kynnt var viljayfirlýsing sem stendur til að undirrita í kjölfar fundarins á milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vatnajökulspjóðgarðs um skrifstofuhúsnæði fyrir starfsmenn þjóðgarðsins á Höfn og vegna rýmis til að byggja upp fræðslusýningu um jökla.

10. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

11. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir á suðursvæði fóru yfir stöðu mála.

Steinunn Hödd Harðardóttir og Hrafnhildur Ævarsdóttir þjóðgarðsverðir á suðursvæði þjóðgarðsins kynntu stöðuna og áherslur í rekstrinum á yfirstandandi ári.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:00.